

Álagning gjalda í Hvalfjarðarsveit 2012

1. Útsvar

Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2012 er 12,44%

Auk útsvars vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga 1,20 prósentustig.

Samtals 13.64 % (samkv. samþykkt sveitarstjórnar 11. október 2011)

2. Álagning fasteignagjalda árið 2012.

Fasteignaskattur;

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir, að allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,47%

Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%

Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

Lóðarleiga í þéttbýli 1,25% af fasteignamati.

(samkv. samþykkt sveitarstjórnar 11. október 2011)

Sorphirðugjald

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 15.260,-

Sorphirðugjald vegna sumarhúss kr. 9.665,-

Rotþróargjald er kr. 6.150,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki. Rotþrærnar sjálfar eru þó ekki tæmdar árlega, heldur u.þ.b. þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári.

Gjalddagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, og ágúst. Fyrsti gjalddagi 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr eða minna er einn gjalddagi 15. maí.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur og er hámarksafsláttur kr.73.500.- Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður vélrænn samanburður tekna samkvæmt skattframtali 2010. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Afsláttur vegna einstaklinga:

| Tekjumörk : | | | Afsláttur : | Hámark : |
|--------------------|---|-----------|--------------------|-----------------|
| 0 | - | 2.000.000 | 100% | 73.500 |
| 2.000.001 | - | 2.250.000 | 80% | 51.000 |
| 2.250.001 | - | 2.500.000 | 50% | 30.000 |
| 2.500.001 | - | 2.800.000 | 25% | 15.000 |

Afsláttur vegna hjóna:

| Tekjumörk : | | | Afsláttur : | Hámark : |
|--------------------|---|-----------|--------------------|-----------------|
| 0 | - | 2.900.000 | 100% | 73.500 |
| 2.900.001 | - | 3.300.000 | 80% | 51.000 |
| 3.300.001 | - | 3.800.000 | 50% | 30.000 |
| 3.800.001 | - | 4.050.000 | 25% | 15.000 |

Samþykkt í sveitarstjórn 13. desember 2011

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi álagningu fasteignagjalda hafið þá samband við
Kristjönu Helgu Ólafsdóttur
kristjana@hvalfjardarsveit.is
sími 433 8504

Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar er opin alla virka daga 10.00-15.00 sími 433 8500

Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri [sign]